

Æskulýðsnefnd LH Skýrsla 2009-2010



FEIF Youth Cup farar 2010. Efst frá vinstri: Róbert, Nanna Lind, Birgitta og Bryndís Heiða.
Miðröð: Björgvín, Steinunn og Anna Kristín. Neðst: Alexandra Ýr, Svandís Lilja og Sigrún Rós.

Æskulýðsnefndin hefur verið óbreytt í nokkurn tíma og eru nefndarmenn Helga B. Helgadóttir formaður, Sigríður Birgisdóttir ritari og meðstjórnendur Sóley Margeirsdóttir, Þorvarður Helgason og Andrea Þorvaldsdóttir. Nefndin hefur hist um það bil mánaðarlega á síðasta tímabili.

Fundaferð / Ráðstefna

Til stóð að hafa ráðstefnu með æskulýðsfulltrúum í október síðastliðnum en sökum dræmrar þátttöku sáum við okkur ekki annað fært en að blása hana af sem okkur þótti afar leitt. Ekki er okkur ljóst hvað olli slakri skráningu en efalaust má að einhverju leyti kenna ástandinu í þjóðfélaginu um, því mörg hestamannafélögin hafa úr minni fjármunum að móða nú þegar styrktaraðilar eru ekki eins öflugir og áður. Við erum þó ekki á því að gefast upp á því að reyna að húa æskulýðfulltrúum saman til skrafs og ráðagerða og munum á komandi ári finna leið til þess. Það er okkar álit að til þess að fulltrúar æskunnar í félögunum fái innblástur hver frá öðrum er það vænlegast til árangurs að þeir hittist allir saman.

FEIF ráðstefna 2010

Æskulýðsnefnd FEIF fundaði með æskulýðsformönnum aðildarlandanna á ráðstefnunni í Odense í Danmörku í febrúar síðastliðinn. Þar var farið yfir þau atriði sem helst eru á döfinni í æskulýðsmálum aðildarlandanna og hvað FEIF Youth nefndin er að vinna að, en nefndin heldur mót árlega, annað árið Youth Cup og hitt árið Youth Camp. Farið var yfir hvernig meta má samvinnu þjóðanna og settur á laggirnar starfshópur sem falið var að vinna að tillögum í því málefni.

Alþjóðleg unglingskipti hafa verið í bígerð í nokkurn tíma og loks í sumar voru fyrstu skrefin stigin í því verkefni. Ákveðið var að skiptast á upplýsingum um hverjir hefðu áhuga á að taka á móti unglingum á aldrinum 14 – 17 ára til einnar eða tveggja vikna dvalar og einnig hvaða unglingar vildu fara í heimsókn til annarra landa. Nokkrir unglingar nýttu sér þetta tækifæri og kynntu sér hestamennsku annarra landa og fór ein íslensk stúlka til Svíþjóðar og átti þar ánægjulega daga. Vonandi verður framhald á þessu verkefni og ef þetta vekur áhuga þinn lesandi góður þá vinsamlega settu þig í samband við meðlimi æskulýðsnefndar LH. FEIF Youth nefndin veitti verðlaun fyrir besta æskulýðslandið líkt og hér er gert en árið 2010 hlautu Hollendingar verðlaunin fyrir öflugt æskulýðsstarf.

FEIF Youth Cup 2010



Siddý fararstjóri leggur þeim lífsreglurnar áður en setningarathöfnin hefst.

FEIF Youth Cup 2010 var haldið í landbúnaðarháskóla í Kalo skammt frá Árhúsum í Danmörku dagana 10. – 18. júlí. Frá Íslandi fóru 10 krakkar, 8 stúlkur og 2 piltar. Áður en farið var út var búið að útvega hesta fyrir hópinn, annað hvort í gegnum vini og kunningja eða í gegnum LH. Þegar út var komið og dýralæknir skoðaði hestana þegar þeir komu á staðinn, kom í ljós að 6 af 10 voru ekki bólusettir samkvæmt alþjóðareglum FEIF eins og krafist er fyrir Youth Cup þar sem það telst til alþjóðlegra móta. Nú var illt í efni því útvega þurfti hópnum aðra hesta sem voru rétt bólusettir með engum fyrirvara. Það hafðist að lokum með harðfylgi og ótrúlegri hjálpssemi allra sem leitað var til. Við kunnum þeim okkar bestu þakkar og frábært að eiga landann að í útlandinu þegar á bjátar. Krakkarnir gátu því öll tekið gleði sína á ný og tekið þátt í mótinu, þó efalaust hafi hestakosturinn sem búið var að útvega verið eitthvað

betri, svo maður tali nú ekki um vonbrigðin hjá krökkunum því þau voru búin að kynna sér vel hestana sem þau áttu að keppa á og gera sér ákveðnar væntingar um árangur.

Veðrið lék við þátttakendur en ekki var það sama hægt að segja um fæðið því mótið var haldið á landbúnaðarháskóla sem bauð eingöngu uppá lífrænan mat sem samanstóð mest af grænmeti og dugði það engan veginn til að halda orku í krökkunum sem voru á fullu í æfingum og umhirðu hestanna frá því snemma að morgni og fram á kvöld, enda var það fyrsta sem hópurinn gerði þegar haldið var heim á leið að kaupa sér pizzu og aldrei hefur nein pizza bragðast eins vel á ævinni!

Allir komust heilir heim og vorum við fararstýrurnar sannfærðar um að þau hefðu þroskast mikið á því að takast á við þau vonbrigði og erfiðleika sem þau upplifðu við að missa frá sér hestana. En þau voru algjörar hetjur og létu vonbrigðin ekki brjóta sig, bognuðu aðeins í skamma stund en brettu svo upp ermar og unnu sem best þau gátu í þeim hestum sem þau fengu í staðinn. Eftirminnileg ferð með frábærum krökkum sem voru sjálfri sér og þjóðinni til sóma. Tölthornið kom með hópnum heim til Íslands, þriðja árið í röð, en það var Steinunn Arinbjarnardóttir úr Fákí á Kára frá Eystri Hól sem sigraði T7. Aðrir keppendur sem náðu 5. sæti eða ofar voru:

Anna Kristín Friðriksdóttir á Djákna frá Votmúla 2. sæti í F2 og 4.sæti í PPS

Björgvin Helgason á Þögn frá Vestra-Fíflholti 5. sæti í T7

Bryndís Heiða Guðmundsdóttir á Von frá Vigra 3. sæti í T5

Nanna Lind Stefánsdóttir á Geisla frá Gígjarhóli 3. sæti í T6 og 5. sæti í PPS

Aðrir íslenskir keppendur náðu nokkuð góðum árangri miðað við það sem á undan var gengið, en sjá má heildarniðurstöður mótsins á heimasíðu FEIF:

<http://www.feiffengur.com/documents/YC%202010%20Results.pdf>

Við getum látið okkur hlakka til hestamannamótanna í framtíðinni með slíka framtíðarknapa.



Á góðri stund í Djurs Sommerland skemmtigarðinum.



Alexandra nýtur leiðsagnar hollenska fimimeistarans Yoni Bloom í fimiaefingum.

Framundan

Í vetur munum við boða til fundar með æskulýðsfulltrúum félaganna eins og áður hefur komið fram.

FEIF Youth Camp verður haldið í Skotlandi næsta sumar og mun verða auglýst eftir umsóknum þegar líða tekur á veturinn.

Til hefur staðið í nokkurn tíma að endurvekja æskulýðsmót á Skógarhólum eins og þau sem haldin voru fyrir nokkrum árum og tókust mjög vel. Eftir er að finna hentuga dagsetningu á þann viðburð, hvort sem það verður næsta sumar eða ári síðar.

Að endingu viljum við minna á Handbók æskulýðsfulltrúa sem er á heimasíðu LH og er í stöðugri vinnslu. Ef lesendur sakna upplýsinga sem þar eiga heima eða annað sem betur má fara, þá viljum við endilega heyra frá ykkur. Handbókin á að vera þeim sem lesa hana til gagns og eflingar í öllu æskulýðsstarfi.

Æskulýðsbikar LH

Æskulýðsbikar LH var gefinn af HÍS árið 1996 og hefur síðan árlega verið veittur því hestamannafélagi sem þykir hafa skarað fram úr í æskulýðsmálum á því ári.

Við val á handhafa æskulýðsbikars LH er horft til þess fjölbreytta starfs sem félögin hafa í boði fyrir börn, unglinga og ungmenni í sínu félagi. Mikið og gott starf er víða unnið í æskulýðsstarfi og skýrslurnar verða faglegri og vandaðri með hverju árinu og þar sagt á skilmerkilegan hátt frá því hvað er í boði fyrir æskuna hjá viðkomandi félagi.

Á formannafundi sem haldinn var í október 2009 var æskulýðsbikarinn afhentur hestamannafélaginu Dreyra á Akranesi sem nefndin taldi að hefði staðið sig afburða vel á því starfsári en mikill vöxtur var í æskulýðsmálum hjá félaginu.

Það félag sem hlýtur Æskulýðsbikarinn fyrir starfsárið 2009 - 2010 verður tilkynnt á Landsþingi LH á Akureyri 22. – 23. október 2010.

Listi yfir þau félög sem hafa verið handhafar bikarsins frá upphafi:

1996 Léttir
1997 Gustur
1998 Sörli
1999 Hörður
2000 Freyfaxi
2001 Máni
2002 Smári
2003 Fákur
2004 Blær
2005 Andvari
2006 Léttir
2007 Máni
2008 Þytur
2009 Dreyri
2010

f.h. Æskulýðsnefndar LH
Helga B. Helgadóttir formaður